

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 20.01.2005
Tímasetning fundar: 20:30 – 22:30
Fundarstaður: Bræðraborgarstígur 13, 101 Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Mætt

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Heimasíða Gígjunnar, <http://gigjan.is/>

Smíði á nýrri heimasíðu er hafin, HG er með yfirumsjón með málinu. Farið var yfir hvernig heimasíðan ætti að vera uppbyggð í grófum dráttum og fundarmenn komu sér saman um hvaða upplýsingar ættu að vera inni á síðunni til að byrja með. HG mun sjá um vinnuna ásamt verktaka og er áætlað að grunnur að heimasíðunni verði tilbúinn í lok febrúar 2005. Stjórnarmeðlimir munu allir bera ábyrgð á að safna saman efni til þess að setja inn á síðuna. Eftirfarandi hnappar eða upplýsingar eiga að vera inni á heimasíðunni: Stjórn (upplýsingar um stjórn Gígjunnar), Aðildarkórar (upplýsingar um aðildakóra og útgáfu geisladiska), Landsmót (upplýsingar um landsmót kvennakóra), Tenglar (tenglar inn á ýmsa vefi), Fréttir (fréttir af því sem er að gerast hverju sinni), Um Gígjuna (aðdragandi að stofnun Gígjunnar), Hafa samband (svæði til að senda inn upplýsingar til formanns Gígjunnar sem hann síðan ber ábyrgð á að setja inn á heimasíðuna).

2. Umsókn til Samtaka flytjenda og hljómplötuútgefenda (SFH).

SA sendi bréf til SFH í nóvember 2004 þar sem óskað var eftir inngöngu Gígjunnar í Samtök flytjenda og hljómplötuútgefenda. Svar við bréfinu hefur borist eftir ítrekun frá SA við erindi þessu í byrjun janúar 2005. Erindi Gígjunnar verður formlega tekið fyrir á næsta aðalfundi SFH sem verður haldinn í maí 2005.

3. Kóramót í Västerås í Svíþjóð.

Fréttir hafa borist af kvennakóramótinu í Svíþjóð. SA mun fara í það að senda póst erlendis (korfestival@bilda.nu) til þess að óska eftir kynningarbæklingi sem Gígjan mun senda út á sína aðildarkóra við fyrsta tækifæri.

4. Önnur mál.

- Samvinna við Skálholtsútgáfuna. SA lagði fram hugmynd um að Gígjan myndi fara þess á leit við Skálholtsútgáfuna að gefa út þau kvennakóraverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir aðildarkóra Gígjunnar. Um væri að ræða hefti í nótnaröðinni Söngvasveigur. Fundarmenn voru sammála þessari hugmynd SA og mjög ánægðir með hana. Hugmyndin rædd og ákveðið að SA hefði samband við

Skálholtsútgáfuna vegna þessa máls. Gígjan mun sjá um að safna verkunum saman og veita upplýsingar um hvert verk, ef um semst. Í nýju nótnabókinni kæmi fram að Skálholtsútgáfan væri að gefa þessa bók út í samvinnu við Gígjuna, samband íslenskra kvennakóra. Gígjan myndi einnig "útvega" kaupendur þar sem bókina væri t.d. hægt að selja á landsmótinu í Hafnarfirði 2005.

- Málþing. Dagskrá að málþingi stjórnenda og stjórnar rædd, en SA hefur sett saman drög að glæsilegri dagskrá. Endanleg dagsetning og dagskrá fyrir málþingið verður ákveðin þegar vinnu við heimasíðuna er lokið.
- Fréttabréf til aðildarkóra. Ákveðið að senda út fréttabréf til aðildarkóranna með upplýsingum um kóramótið í Västerås, upplýsingum um kóramótið í Hafnarfirði og endanlegri dagskrá/boðsbréfi fyrir málþingið.
- Úrval Útsýn auglýsingu á heimasíðuna. Ákveðið að ÁH hafi samband við Jón Karl til þess að bjóða honum að hafa auglýsingu frá Úrval Útsýn inn á heimasíðu Gíggunnar gegn greiðslu. Þá væri t.d. hægt að hafa upplýsingartexta um að Úrval útsýn geti tekið að sér að skipuleggja tónleikaferðir erlendis fyrir aðildarkóra Gíggunnar. Margir kórar hafa óskað eftir slíkri þjónustu.